

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2015

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð eftir sveitarstjórnakosningar:

Aðalfulltrúar:

Jón Haukur Ingvason formaður
Hörður Svavarsson varaformaður
Jón Bjarni Þorsteinsson
Fjölur Sæmundsson
Svava Hrönn Guðmundsdóttir
Gnýr Guðmundsson

Varafulltrúar:

Svanur Grjetarsson
Hlini Melsteð Jóngeirsson
Ingibjörg Hauksdóttir
Árni Stefán Jónsson
Margrét Júlía Rafnsdóttir
Bryndís Skúladóttir

Hafnarfjarðarbær og Kópavogsbær tilnefna formann og varaformann til tveggja ára í senn samkvæmt samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlitið.

Heilbrigðisnefnd ber að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Með vísun til þessara markmiða er eftirlit, vöktun og fræðsla grunnþættir sem unnið er út frá í þverfaglegu starfi. Fjárhagsáætlun og eftirlitsáætlun mynda ramma um starfsemi hvers árs en jafnframt er unnið að viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd ákveður til lengri eða skemmri tíma.

Heilbrigðisnefnd hélt 9 fundi á árinu. Samkvæmt fundagerðum voru bókaðir 539 dagskrárliðir. Einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi og hluti mála tengjast fleiri en einum málaflokki. Í eftirfarandi töflu hafa dagskrárliðir verið greindir samkvæmt fjórum helstu málaflokkum sem starfsemin tekur til.

Almenn mál um hollustuhætti, gæludýrahald, tóbaksvarnir o.þ.h.	159
Matvælamálefni	178
Umhverfis- og skipulagsmál	176
Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og stjórnsýsla	25

Í lok árs 2015 voru um 1480 fyrirtæki, stofnanir eða starfsemi sem lúta ber reglubundnu eftirliti. Af þeim fengu 955 aðilar eftirlitsheimsóknir á árinu 2015. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um 1400 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok. Farnar voru 1531 eftirlitsferðir til umræddra 955 aðila. Til viðbótar var farið í um 230 eftirlitsferðir á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið eða í ljós kom að starfsemin var annað hvort hætt, starfsemin hafði breyst á þann veg að eftirlit átti ekki lengur við eða starfsemin hætti síðar á árinu. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins um fjölda fyrirtækja, stofnana og starfsemi. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

Ýmis starfsemi s.s. í matvælavinnslu og dreifingu, atvinnurekstri sem valdið getur mengun og þjónustustarfsemi, samkvæmt nánari skilgreiningum, á að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og sækja skal um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Fyrirtæki og starfsemi getur einnig verið eftirlitsskyld án þess að þurfa starfsleyfi. Starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd veitir voru 1358 í árslok og 82 starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Rúmlega 95% eftirlitsskyldrar starfsemi er þannig með leyfi eða starfsleyfi í vinnslu. Einn mælikvarði á virkni stjórnsýslu og eftirlits er sá fjöldi fyrirtækja, stofnana og starfsemi sem eru með sín starfsleyfismál í lagi á hverjum tíma. Ýmsar ástæður eru fyrir því að öll fyrirtæki sem eru starfsleyfiskyld hafi ekki gild starfsleyfi. Hjá atvinnurekstri sem valdið getur mengun er oft um óstöðuleika í rekstri að ræða eða því við borið að starfsemin falli ekki að skilgreiningu reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun.



Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir eftirlitsstörfum, umhverfisvöktun og öðrum störfum heilbrigðiseftirlitsins. Þau flokkuð eins og hægt er í fjóra aðal málaflokka, matvæli, hollustuhætti, mengunar- og umhverfismál og stjórnun heilbrigðiseftirlitsins.

Matvælaeftirlit

Um málaflokkinn gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Matvælafyrirtæki er skilgreint hvert það fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Alls voru 80 umsóknir um starfsleyfi teknar til umfjöllunar:

- 57 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.
- 20 umsóknir voru vegna eigendaskipta, endurnýjunar eða breytinga á rekstri.
- 3 umsóknir voru vegna tímabundna sölu matvæla við útisamkomur.

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Framleiðsla og pökkun	1	1	5	7
Verslanir og vörugeymslur	4	10	20	34
Veitingastaðir og mótuneyti	4	17	18	39
Alls	9	28	43	80

Fjöldi umsókna 2015 um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

Eftirlit með efnum sem koma í snertingu við matvæli hefur verið að aukast og bárust fimm tilkynningar frá fyrirtækjum á árinu samkvæmt reglum þar um frá apríl 2008. Efni og hlutir eru allar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni sem slíkir hlutir eru samsettir úr og geta komist í snertingu við matvæli.

Þar sem matvæli eru á boðstólum á gististöðum er sú starfsemi flokkuð sem matvælafyrirtæki. Veitinga- og gististarfsemi ber jafnframt að afla rekstrarleyfis útgefnu af viðkomandi sýslumanni samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Markmið þeirra laga er að tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri, sem og að starfsemi falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni. Heilbrigðisnefnd er umsagnaraðili til sýslumanns vegna útgáfu rekstrarleyfis og í umsögn sinni ber nefndinni að gæta að samræmi við starfsleyfi, grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist og að starfsemin fullnægi kröfum laga um framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. lög um matvæli og sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á árinu bárust 37 beiðnir um umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir veitingastarfsemi og 36 beiðnir um umsagnir vegna tækifærisleyfa þar sem matvæli yrðu á boðstólum.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru alls 75 á árinu. Kvartað var vegna merkingu matvæla, þ.m.t. vegna vanmerkinga, 26 sinnum og um ólögleg innihaldsefni í fæðubótarefnum 4 sinnum. Um slæma meðferð matvæla bárust 22 kvartanir. Þar falla undir kvartanir um að matvæli væru höfð á boðstólum lengur en leyfilegt er eða eru skemmd við neyslu. Ábendingar um ónógt hreinlæti voru 7 og vegna hugsanlegra matarsýkinga 8 talsins. Kvartanir vegna aðskotahluta í matvælum voru 2. Aðrar kvartanir voru af margvíslegum ástæðum.

Sýni voru tekin til örverumælinga vegna ýmissa athugana í matvælaeftirliti. Niðurstöður mælinga eru bornar saman við örverufræðileg viðmið og metin út frá því. Sannprófaðar voru næringar yfirlýsingar og athugað var samkvæmt eftirlitsáætlun fyrir landið hvort leifar varnarefna finnist í grænmeti og ávöxtum. Á árinu voru tekin 107 sýnishorn í þessum tilgangi og voru sýnin könnuð á rannsóknarstofu fyrir um 220 á mismunandi örveru- og

efnagreiningabáttum. Auk þess voru tekin 329 snertiskálasýni í ræktun vegna eftirlits með hreinlæti í mötuneytum og á veitingastöðum.

Fylgst er með neysluvatni til að afla upplýsinga um ástand þess með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta. Sýnishornin eru tekin á mismundandi árstímum, bæði úr vatnsbólum og dreifkerfinu. Tekin voru á árinu 96 sýnishorn til mælinga í þeim tilgangi úr mannvirkjum vatnsveitna og þar sem neysluvatn er aðgengilegt til notkunar í stofnunum og matvælafyrirtækjum. Einnig voru tekin sýnishorn vegna heildarúttektar á efnasamsetningu neysluvatnsins. Gæði neysluvatns í umdæminu er gott og styrkur allra efna er innan hámarksgilda reglugerðar nr. 536/2001, um neysluvatn. Upplýsingar um niðurstöður mælinga er birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Framkvæmdastjóri er í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæða og Matvælastofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er rædd framkvæmd og skipulagning eftirlitsverkefna ásamt samræmingu matvælaeftirlits. Hópurinn kom saman 4 sinnum á árinu. Starfsmenn sækja jafnframt fræðslufundi og námskeið Matvælastofnunar. Heilbrigðisfulltrúi tók þátt í evrópsku þjálfunarnámskeið varðandi merkingar á matvælum.

Árlega standa Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Verkefnin standa yfir í afmarkaðan tíma og er þá lögð áhersla á ákveðið afmarkað málefni, sem gjarnan er tengt gerð fræðsluefnis og eða breytingum á lögum eða reglugerðum.

Tekið var þátt í tveimur verkefnum á árinu. Í september 2013 gaf Matvælastofnun út leiðbeiningar um „sushi“ m.t.t. matvælaöryggis. Á árinu var farið í að kanna hvort leiðbeiningar hefðu skilað sér til þeirra er málið varðar og hvort öryggi framleiðslunnar væri tryggt. Skýrsla með niðurstöðum verður birt í byrjun árs 2016. Annað verkefni var könnun á notkun transítusýra. Fimm ár voru þá frá setningu reglugerðar um hámarksgildis transítusýra í matvælum og verður skýrsla um niðurstöður birt fyrirhluta árs 2016.

Unnið er styrkingu matvælaeftirlits með aðild að gagnagrunnskerfi Matvælastofnunar. Innleiðing á þeirri vinnu hófst á haustmánuðum ásamt endurskoðaðri eftirlitshandbók. Jafnframt því var unnið að nýju áhættumati fyrir öll matvælafyrirtæki.

Eftirlit vegna hollustuháttamála, tóbaksvarna og mengunarvarna fer einnig fram hjá matvælafyrirtækjum þar sem það á við. Í matvælaeftirliti er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku.

Fjöldi fyrirtækja sem sinna framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla var í lok árs 534 á skrá. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins 773. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 700. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar í þessum tölum en fjöldi eftirlitsferða í verslanir og mötuneyti vegna sérstakra verkefna eru meðtaldar.

	Framleiðsla, pökkun	Heildsala, flutningur	Stóreldhús	Smásala	Vatnsveitur	Annað	Alls
Eftirlitsstaðir og ferðir							
Fj. staða	29	47	296	126	7	29	534
Fj. heimsóttar staða	25	19	258	98	6	25	431
Fj. eftirlitsferða	49	22	374	154	73	28	700

Matvælaeftirlit; Fjöldi staða 31.12. 2015 og skráðar eftirlitsferðir. Annað er starfsemi tengd heimilum og tilfallandi eftirliti vegna atburða.

Hollustuhættir

Starfsleyfisumsóknir voru 99 samkvæmt ákvæðum hollustuháttareglugerðar. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

57 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

41 umsókn-vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

1 umsókn var vegna tímabundinnar starfsemi.

Meðhöndlun og dreifing matvæla á sér stað í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum. Veitingastaðir og gististaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur flokkaðar með starfsemi vegna mengunarvarna. Kærð hefur verið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun heilbrigðisnefndar um starfsleyfisskyldu rekstrarins.

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Gisti- og samkomustaðir	6	9	12	27
Snyrtistofur hvers konar	3	6	12	21
Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir	3	0	7	10
Daggæsla, leikvellir, skólar, leikskólar, kennslustaðir	7	11	9	27
Íþróttastarfsemi og samkomuhald	1	4	9	14
Alls	20	30	49	99

Hollustuháttareglugerð; Fjöldi umsókna árið 2015 um starfsleyfi, flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

Á árinu bárust 25 beiðnir um umsagnir samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 vegna rekstrarleyfa fyrir gististaði sem ekki falla undir eftirlit samkvæmt matvælalöggjöfnni. Um er að ræða 4 hótél eða stærri gistiheimili og 21 gististað í íbúðarhúsum, orlofsíbúðum eða tengslum við heimili. Umsagnir voru veittar vegna 10 tækifærisleyfa vegna tónleikahalds og annarra skemmtana án veitingasölu. Nokkur fjöldi umsagna eru veittar á hverju ári vegna dansleikjahalds í íþróttahúsum en oftast fer þá veitingasala einnig þar fram. Sjá kafla um matvælaeftirlit vegna þessa.

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 175. Flestar eða 46 voru vegna dýrahalds eða flækingsdýra, svo sem katta, dúfna, kanína, hesta, sauðfjár o.fl. Þar af voru kvartanir um óþægindi vegna kattahalds 22 á árinu. Kvartað er yfir lausagöngu, að óboðnir kettir komi inn með heimiliskettinum, læður gjóti undir illa frágengnum sólpöllum, kettir sem sjáist séu villikettir o.þ.h. Þá voru 6 kvartanir undan ónáði vegna fódurgjafa til fugla. Á árinu 2015 var 171 köttur vistaður tímabundið í kattageymslu. Kvartanir vegna íbúðarhúsnæðis reyndust 44. Að hluta til er um að ræða fyrirsurnir og kvartanir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu eða 30 en aðrar kvartanir tengdar ýmsum öðrum málum sem upp geta komið í sambyli fólks. Óþægindi vegna óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja og stofnana þar sem fólk leitar þjónustu leiddi til 33 kvartana. Kvartanir og ábendingar vegna meindýra voru 16.

Til almennra kvartana teljast þær sem ekki er hægt að tengja beint tiltekinni atvinnustarfsemi eða lýðheilsu. Þær töldust 139 sem er töluverð aukning milli ára. Tæpur þriðjungur eða 43 voru vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Álíka oft, eða 49 sinnum, var kvartað undan sorpi, öðrum úrgangi eða slæmri umgengni um lóðir og lendur. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota. Kvörtunum frá nágrönnum vegna skemmdra fráveitulagna í eldri hverfum fer fjölgandi.

Kvartanir og ábendingar vegna óskráðra bíla og úrgangs berast mikið beint á þjónustumiðstöðvar sveitarfélaganna. Á árinu 2015 var límt á 537 bifreiðar og tæki og þurfti að flytja 162 þeirra á brott þar sem eigendur sinntu ekki áskorun.

Um áramótin 2014-2015 voru á skrá 2364 hundar í umdæmi heilbrigðisnefndar en rétt er að hafa í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Hlutfall eigenda sem sótt hafa námskeið í hundauppeldi er nálægt 60% og 8 hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstafa. Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 200 kvartanir vegna hunda á árinu. Aðal umkvörtunarefnið var eins og undanfarin ár um lausa hunda eða 73 tilvik. Til meðferðar á árinu komu 11 mál vegna ógnandi atferlis hunds gagnvart fólki eða dýrum. Til meðferðar hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er kæra vegna hunds sem ráðstafað var til nýs eiganda þar sem hans var ekki vitjað.

Samkvæmt lögum um velferð dýra hafa sveitarfélög hjálparskyldu, handsömunarskyldu og vörsluskyldu dýra. Þetta eru verkefni sem heilbrigðiseftirlitið sér um.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga starfar vinnuhópur á sviði hollustuháttamála. Vinnuhópurinn undirbýr tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Hópurinn kemur saman að jafnaði mánaðarlega fyrir utan sumarið og voru á árinu haldnir 10 fundir hjá hópnum. Vinnuhópurinn undirbjó framkvæmd eftirlitsverkefna varðandi samkomuhús og stöðu hollustuháttamála sem snúa að gestum innan dýra og utan svo og til öryggis vegna matvæladreifingar. Umhverfisstofnun vinnur samantekt úr niðurstöðum. Jafnframt fer starfshópurinn í árlega kynnisferð til samræmingar á framkvæmd eftirlits milli svæða.

Reglubundið eftirlit er með fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Auk þess er hollustuhátta eftirlit með skipum og daggæslu í heimahúsum í samvinnu við félagsmálafyrirvöld. Vegna reglubundins hollustuháttaeftirlits er algengast að áætluð sé ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 288 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem eftirlitsskyld eru samkvæmt reglugerð um hollustuhætti að undanskildum veitingastöðum og tannlæknastofum var í eftirlitsáætlun ársins áætlaður 207.

	Fegrunar- og snyrtistarfsemi	Fræðsla-, íþróttir og menning	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	Gisting án veitinga	Alls
Fj. staða 31.12.2015	110	148	117	53	428
Fj. staða sem fengu eftirlit	23	107	43	27	200
Fj. eftirlitsferða	32	173	46	37	288

Hollustuháttareglugerð. Fjöldi staða 31.12.2015 og skráðar eftirlitsferðir. Til fegrunar- og snyrtistarfsemi telst hársnyrting, snyrtistofur, ljósastofur, húðflúr og húðgötun. Gististaðir, veitingastaðir, skólar, sambýli og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift flokkast m.t.t. hollustuháttaeftirlits sem matvælafyrirtæki þó svo sinna þurfi þar ekki síður eftirliti samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti. Tannlæknastofur eru flokkaðar í töflu vegna mengunarvarnaeftirlits. Sambýli eru nú flokkuð sem heilbrigðisþjónusta

Tóbaksvarnir

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérverslun er með tóbak. Endurnýjuð voru 10 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga og veitt eitt leyfi til nýs sölustaðar. Þann 31.12.2015 voru smásölustaðir tóbaks alls 50 í umdæminu. Stöðumatsskýrslur vegna tóbakseftirlits voru teknar saman um niðurstöður úr eftirliti tvisvar á árinu.

Umhverfiseftirlit

Alls 95 umsóknir um starfsleyfi voru til meðferðar, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

44 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

43 umsóknir voru vegna endurnýjunar, breytingar á starfsemi og endurskoðunar.

8 fyrir tímabundna starfsemi.

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Bílgrein	1	11	21	33
Matvælavinnslur	0	4	1	5
Málmiðnaður og verkstæði	2	7	8	17
Tréiðnaður	2	5	11	18
Tannlæknastofur			2	2
Skólp og úrgangur		1	1	2
Annað (s.s. jarðefna- og steinvinnsla, steypuframleiðsla)	1	7	2	10
Tímabundin starfsemi s.s. niðurrif húsa	1	3	4	8
Alls	7	38	50	95

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2015.

Umsögn var veitt Umhverfis- og auðlindaráðuneyti um tímabundnar undanþágu frá ákvæðum laga um starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð og jákvæð umsögn var til Umhverfisstofnunar um tillögu að starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku. Umsögn var veitt um sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti til byggingaryfirvalda og fimm umsagnir voru veittar um skipulagsmál til sveitarfélaganna.

Lóðahreinsun á einstökum lóðum og svæðum er stöðugt verkefni sem skilar oftast tímabundnum árangri. Fyrri reynsla hefur sýnt að slæm umgengni á athafnasvæðum hefur sterka tilhneigingu til að leita aftur í sama farið. Ástæður þessa hafa oft verið skýrðar með óljósri tilfinningu umráðaaðila fyrir ábyrgð sinni og hægagangi í uppbyggingu og frágangi atvinnusvæða.

Á undanförunum misserum hafa orðið breytingar á tilhögun sorphirðu frá almenningi. Íbúum er ætlað að flokka a.m.k. pappa og pappír og dregið hefur úr tíðni sorphirðuferða. Sorprennur eru ekki samþykktar í nýjum fjölbýlishúsum og staðsetning sorphilata á að vera aðgengileg sorphirðunni. Þessi þróun hefur ekki gengið hnökralaust. Í sumum tilfellum er ekki pláss í sorpklefum eða sorpskýlum. Ílát komast illa inn eða mjög þröngt er um aðgengi. Sorpgerði á lóðunum eru oft með lága vegg sem skýla illa og ásýnd frá íbúðum oft verulega til lýta.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillst. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið sameiginlega að ákvörðun verndarsvæða fyrir neysluvatn og setningu heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsvernd. Lokið var vinnu við endurskoðun á svæðisskipulagi vatnsverndar sem sameinað var svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Að lokinni endurskoðun var gefin út ný heilbrigðissamþykkt nr. 555/2015 fyrir vatnsvernd á vatnsverndarsvæðum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði sér um reglubundið eftirlit innan sinnar lögsögu en sérstök framkvæmdastjórn sér um samræmingu eftirlits. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 4 fundi á árinu 2015. Málefni endurskoðunar vatnsverndar var fyrirferðamesta málefnið á árinu. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda.

Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Jafnframt er nokkur hætt á að lækir og ár sem renna um þéttbýli mengist og sama gildir um vötn og tjarnir í og við byggð. Mengandi efni geta borist í yfirborðsvatn en ekki er síður hætt á mengun vegna laskaðra fráveitna eða rangtenginga. Í verstu tilvikum er slík mengun sýnileg og til ama en í öðrum tilvikum er hún ill sjáanleg en getur verið skaðleg. Aðgerðir hafa verið í gangi í sveitarfélögunum að finna rangtengingar og fara í viðgerð á löskuðum lögnum. Árangur hefur náðst en í ljósi niðurstaðna mælinga er ekki ástæða til að dregið verði úr skipulegri vöktun.

Strendur hafa einnig útivistargildi og eru jafnframt vaktaðar til að fylgjast með hvort förgun skólps teljist viðunandi. Niðurstöður úr vöktuninni eru birtar jafnóðum á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins og sama á við um niðurstöður úr vöktun vatna og lækja.

Vatnatilskipun Evrópusambandsins var innleidd hér á landi með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Með stjórn vatnamála er komið á lögbundinni stjórnun og verndun vatns óháð stjórnsýslumörkum. Vinnu hefur ekki verið haldið áfram þar sem nánast algjörlega hefur verið hætt að fjármagna verkefnið.

Heilbrigðisnefndum ber að meta loftgæði, afla upplýsinga, setja upp og reka mælistöðvar sem eiga að tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi. Á árinu voru fjórar loftgæðamælistöðvar í umdæminu sem nýttast þessum tilgangi með mismunandi hætti. Nálágast má rauntímaníðurstöður þeirra á heimasíðu, www.heilbrigðiseftirlit.is sem og frá öðrum loftmælistöðvum á landinu.

Færanleg loftgæðamælistöð er við Dalsmára í Kópavogi. Þar fara fram mælingar á styrk brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og á svifryki í andrúmslofti. Á undanförunum árum hefur mælistöðin verið færð á milli staða á nokkurra missera millibili en að jafnaði verið valinn staður inni í íbúðahverfum. Áður en hún kom í Dalsmára í maí 2014 hafði hún um nokkurt skeið verið í Lækjarbotnum.

Við Dalsmára fara mælingar fram nálægt umferðargötu og gætir þess í niðurstöðum. Það kemur fram í dægur- og árstíðabundnum sveiflum. Köfnunarefnisoxíð geta mælst í borgarsamfélagi enda má að stærstum hluta rekja þau til umferðar, einkum til dísel drifinna ökutækja. Styrkur köfnunaroxíða var frekar hár í janúar en lækkaði fram á sumarið en þá var styrkurinn lágur. Jókst síðan aftur með haustinu og var hár í nóvember og desember. Sólarljósið er virkasti þátturinn í sundrun köfnunarefnisoxíða og því má ávallt vænta hærri styrks yfir vetrarmánuðina. Stillur, þurrviðri, kuldi og lagskipting loftmassa vinna gegn þynningu. Heilsuverndarmörk fyrir svifryk eru $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ meðalgildi fyrir sólarhring. Miða skal við að ekki sé farið yfir þau mörk oftar en 7 sinnum á ári. Þann 15. júní 2015 mældist $70,5 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sólarhringsgildi. Er það magn svifryks rakið til öskufoks. Í 28 skipti mældust klukkutímameðaltöl yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Þrjár mælinganna tengdust miðnætti á gamlárskvöld en hin skiptin var landeyðing og öskufok orsök. Frekari umfjöllun um mælingarnar má sjá í skýrslu heilbrigðiseftirlitsins um loftgæðavöktun 2015.

Mælingar að Norðurhelli 2 í Hafnarfirði byggjast á ryksöfnun og fara sýnishornin síðan til frekari mælinga á rannsóknastofu. Um rauntíma upplýsinga er því ekki að ræða heldur eru mæliniðurstöður birtar eftir tímabilum. Mælingar hafa sýnt að loftborin mengunarefni eru ekki að berast í neinum mæli frá iðnaðarsvæðinu í Hellnahrauni yfir á athafnasvæðið við Norðurhelli.

Loftgæðamælingarnar við Dalsmára í Kópavogi og Norðurhelli í Hafnarfirði eru reknar á kostnað og ábyrgð sveitarfélaganna. Á árinu tók Hafnarfjörður ákvörðun um að efla tækjabúnað í stöðinni í Norðurhelli og þegar búnaðurinn hefur verið gangsettur verða rauntímamælingar birtar á vef heilbrigðiseftirlits.

Á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði fara fram mælingar á vegum Umhverfisstofnunar og Rio Tinto Alcan með aðkomu Hafnarfjarðarbæjar. Þar er mældur styrkur brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og svifryks í andrúmslofti. Rauntímamælingar fyrir

brennistein og svifryk eru birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins. Einnig er styrkur flúors í andrúmslofti mældur í vöktunarstöðinni á Hvaleyrarholti en tækni er ekki til, til að birta rauntímamælingar fyrir flúor. Landslag og staðhættir á mælistað hefur afgerandi áhrif á vindstefnur og því er eðlilegt að hafa veðurstöð á sýnatökustað. Stöðin í Dalsmára er með veðurstöð og eftir uppbyggingu á stöðinni í Norðurhelli verður slík stöð þar. Engin veðurstöð er á Hvaleyrarholti sem skapar óvissu í túlkun gagna.

Fjórdá stöðin eru mælitæki sem Orkuveita Reykjavíkur kom upp snemma á árinu við skólasetrið í Lækjarbotnum til að fylgjast með brennisteinsvetni. Vegna eldgossins í Holuhrauni, var stillingum breytt til að geta vaktað brennisteinsdíoxíð frá gosinu. Frekari umfjöllun er að finna í skýrslu HHK um loftgæðavöktun 2015.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 107 og er sá flokkur nokkuð fjölbreytilegur. Nítján atvik eru skráð sem mengunar- og olíuóhöpp eða efnaslys. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnti einnig mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum. Þá voru 80 kvartanir undan eftirlitsskyldri starfsemi. Mest var um fjölbreytilegar kvartanir undan lykt sem tengdust fiskvinnslu, kjötvinnslu, veitingahúsarekstri og iðnaðarstarfsemi. Heilbrigðiseftirlitið hefur mjög takmarkaða aðkomu að byggingastarfsemi en því berast kvartanir undan hávaða og öðru ónæði er tengist endurnýjun húsnæðis og er þeim ábendingum og kvörtunum jafnan beint yfir til viðkomandi byggingafulltrúa

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi vinnuhópur á sviði umhverfisgæða. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í þann hóp. Haldnir voru 4 fundir á árinu og er þá meðtalinn tveggja daga vinnubúðarfundur sem haldinn var úti á landi. Hópurinn vann að skýrslugerð um eftirlitsverkefni fyrra árs um þauleldi og um samræmingu mengunarvarnaeftirlits og umhverfisviðmiða. Hörð fita frá atvinnustarfsemi veldur víða miklum rekstrarvanda í lagnakerfum og hreinsivirkjum. Vann vinnuhópurinn að gerð leiðbeininga um fituskiljur við fráveitukerfi og að samræma kröfur um fituskiljur fyrir mismunandi starfsgreinar. Í framhaldi af fyrri vinnu í hópnum um endurskoðun reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi tók heilbrigðisfulltrúi fyrir hönd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sæti í vinnuhópi ráðuneytis sem undirbýr endurskoðun þeirrar reglugerðar.

Reglubundið mengunarvarnaeftirlit fer fram hjá fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Eftirlit byggir á ákvæðum ýmissa reglugerða, þ.m.t. er varðar meðferð og förgun úrgangs og spilliefna. Einnig á ákvæðum í starfsleyfum. Veruleg afskipti þarf jafnframt að hafa af svokallaðri „svartri atvinnustarfsemi“ eða óskilgreinanlegri jaðarstarfsemi sem reynt er að verja sem tómstundastarfsemi. Eftirlit og þvingunaraðgerðir geta orðið verulega vinnukrefjandi og kostnaðarsamar fyrir samfélagið.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er að jafnaði ein eftirlitsferð á ári eða eftirlit annað hvert ár. Áætlaðar voru að lágmarki 330 eftirlitsferðir á árinu en skráðar eftirlitsferðir urðu 398 þegar eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

	Málm- og bílgrein	Efna- og tímuriðn	Fóður- og matvæli	Úrgangs- mál	Annað*	Samtals
Fj. staða	311	84	39	22	39	495
Fj. sem fékk eftirlit	204	49	14	11	16	294
Fj. eftirlitsferða	277	65	19	17	20	398

Mengunarvarnaeftirlit Fjöldi staða 31.12.2015 og skráðar eftirlitsferðir

*Annað eru t.d. jarðefnavinnsla og geymslur.

Fjármál

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur nemi sem næst 70% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 30% kostnaðar yrði mætt með beinu framlagi af sveitarfélögunum. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.þ.h. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrarreiknings árið 2015 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 72.008.319 eða 71% af rekstrarkostnaði. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 24.011.691 og tekjur kr. 23.732.881. Í meðfylgjandi töflu eru samburðartölur árána 2010 til 2015, án fjármagnsliða, vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur eru sömu og við uppgjör ársreiknings og miðast við upphaf árs.

Samanburður á fjölda fyrirtækja í árslok, ársverkum, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2010 til 2015 á verðlagi hvers árs.

Ár	Íbúafjöldi	Fyrirtæki og stofnanir (starfsleyfissskyld)	Ársverk	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. fyrirtæki kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2015	75533	1480	8	100.990.198	1337	68.237	12.663.775
2014	73845	1400	8	91.009.577	1232	65.007	11.376.197
2013	72406	1483	8	89.862.829	1241	60.595	11.232.854
2012	71393	1413	7,6	84.554.428	1184	59.840	11.125.583
2011	69436	1383	7,6	75.877.902	1093	54.865	9.983.934
2010	68702	1403	6,5	71.508.057	1041	50.968	11.001.240

Í meðfylgjandi töflu eru samanburðartölur árána 2010 til 2015, án fjárhagsliða, vegna eftirlits með hundahaldi.

Samanburður á fjölda skráðra hunda í árslok, ársverk, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2010 – 2015 á verðlagi hvers árs.

Ár	Íbúafjöldi	Fjöldi hunda	Ársverk	Heildar-Kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. hund kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2015	75533	2364	1,5	24.011.691	318	10.157	16.007.794
2014	73845	2344	1,5	22.932.350	311	9.783	15.288.233
2013	72406	2380	1,5	22.017.675	304	10.804	14.678.450
2012	71393	2269	1,5	22.724.577	318	10.015	15.149.718
2011	69436	2295	1,5	21.884.270	315	9536	14.589.513
2010	68702	2183	1,5	19.521.442	284	8942	13.014.285

30. mars 2016

Guðmundur H. Einarsson